

24. júlí f. á. Er ekki leitt í ljós, að hann hafi fengið aðra vinnu þá daga. Þykja bætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 118.80 á dag, eða alls kr. 1188.00. Vaxta hefur ekki verið krafizt og verða þeir því ekki dæmdir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vegagerð ríkisins, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Vopnafjarðar vegna Antóníusar Jónssonar, kr. 1188.00 og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. júlí 1953.

Nr. 2/1953. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamanna-
félags Akureyrarkaupstaðar vegna Torfa Vil-
hjálmssonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
**Bæjarstjóra Akureyrarkaupstaðar
f. h. kaupstaðarins**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

**Varadómari Benedikt Sigurjóns-
son í stað Ísleifs Árnasonar.**

Trúnaðarmenn, Vinnuveitandi ekki talinn brotlegur við 11. gr. laga nr. 80/1938, þótt hann léti vinnumiðlun koma til framkvæmda gagnvart trúnaðarmanni.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnum dags. 7. maí og 3. júní þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar vegna Torfa Vilhjálmss-

sonar gegn bæjarstjóra Akureyrarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. a ð dæmt verði, að stefndi hafi gerzt brotlegur við 11. gr. laga nr. 80/1938 með því að láta trúnaðarmann Verkamannafélags Akureyrar, Torfa Vilhjálmsson, vikja úr vinnu eina og eina viku í senn á tímabilinu janúar—apríl 1952 og eina viku í janúar 1953.
2. a ð stefnda verði dæmd refsing fyrir brot á nefndu lagaákvæði.
3. a ð stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 3106.49 með 6% ársvöxtum frá 7. febr. 1953 til greiðsludags. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Torfi Vilhjálmsson, verkamaður á Akureyri, hefur frá því á árinu 1946 unnið sem verkamaður með tímakaupi í þjónustu Akureyrarkaupstaðar. Hann er félagsmaður í Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar og hefur verið og er trúnaðarmaður félagsins á vinnustað sínum.

Mánuðina janúar til apríl 1952 tók Akureyrarkaupstaður upp vinnumiðlun vegna þess, að þá var þröngt um atvinnu og samskonar tilhögun var beitt í s.l. janúar. Sá Vinnumiðlunarnefnd kaupstaðarins um framkvæmd vinnumiðlunarinnar, og var hún með þeim hætti, að verkamenn voru látnir vikja úr vinnu viku og viku í senn. Vegna þessarar vinnumiðlunar var Torfi Vilhjálmsson látinn vikja úr vinnu um það bil 4 vikur samtals veturinn 1952 og nú eina viku í s.l. janúarmánuði.

Stjórn Verkamannafélagsins mótmælti því þegar í upphafi, að trúnaðarmaður þess, Torfi, þyrfti að hlíta því, að vikja úr vinnu vegna vinnumiðlunarinnar, en þeim mótmælum var ekki sinnt af hálfu forráðamanna kaupstaðarins. Höfðaði stefnandi þá mál þetta hér fyrir dómi, eftir að skaðabótamáli á hendur Akureyrarkaupstað út af þessum atriðum hafði verið vísað frá hinum almennu dómstólum.

Kröfur sínar í þessu máli styður stefnandi þeim rökum, að samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938 hafi stefnda verið óheimilt að láta nefnda vinnumiðlun ná til Torfa Vilhjálmssonar, þar sem hann var trúnaðarmaður félags síns. Telur stefnandi, að samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði hafi Torfi sem trúnaðarmaður átt forgangsrétt til vinnu umfram aðra verkamenn. Hafi stefndi því gerzt brotlegur við nefnda 11. gr. laga nr. 80/1938 með því að láta hann víkja úr vinnunni. Þá heldur stefnandi því og fram máli sínu til stuðnings, að vinnumiðlunin eins og hún var framkvæmd, hafi leitt til þess, að verkamannafélagið hafi ekki átt neinn trúnaðarmann á vinnustað Torfa þá daga, sem hann vék úr vinnu, en slíkt sé andstætt ákvæðum laga nr. 80/1938. Telur stefnandi, að stefndi eigi af þessum sökum að sæta refsingu fyrir brot á 11. gr. þeirra laga og sé jafnframt skyldur til þess að bæta Torfa það fjártjón, sem hann hafi beðið við það að missa af vinnunni, en hann hafi verið atvinnulaus þann tíma, er vinnumiðlunin kom til framkvæmda gagnvart honum. Er fjártjón Torfa talið hafa numið kr. 3106.49, og svarar sú fjárhæð til þess kaups, sem Torfi mundi hafa fengið þann tíma, er vinnumiðlunin kom til framkvæmda gagnvart honum.

Stefndi hefur mótmælt því, að hann hafi gerzt brotlegur við 11. gr. laga nr. 80/1938 þótt hann léti vinnumiðlunina einnig ná til nefnds trúnaðarmanns, Torfa Vilhjálmssonar. Trúnaðarmaður þessi hafi ekki á nokkurn hátt verið látinn fara úr vinnu vegna starfa síns sem trúnaðarmaður og vinnumiðlunin hafi að öllu leyti verið framkvæmd með þeim hætti, að hvorki hafi hlutur trúnaðarmannsins né verkamannafélagsins á nokkurn hátt verið borinn fyrir borð. Geti því hvorki hann né félagið gert nokkrar kröfur á hendur sér út af umræddri vinnumiðlun.

Það er ágreiningslaust í máli þessu, að trúnaðarmannsstarfi Torfa Vilhjálmssonar hafi ekki á neinn hátt átt þátt í því, að hann var um stundarsakir látinn hætta vinnu, svo sem aðrir verkamenn, á því tímabili, sem vinnumiðlun var beitt, og því hefur ekki verið haldið fram, að hann hafi verið látinn þoka fyrir verkamönnum, sem voru bet-

ur settir eða honum jafnir um afkomu og starfslega aðstöðu. Ekki verður talið, að uppsögn Torfa þau skipti, sem vinnumiðlunin kom til framkvæmdar gagnvart honum, hafi verið með þeim hætti, að stéttarfélagi hans væri meinað neyta þess réttar hins, að hafa trúnaðarmann á vinnustað Torfa þann tíma, er hans naut ekki við.

Þar sem svo stóð á, er nú var lýst, verður með vísun til síðasta málsl. 11. gr. laga nr. 80/1938 ekki talið, að forráðamenn Akureyrarkaupstaðar hafi gerzt brotlegir við ákvæði nefndrar greinar, þótt oftnefnd vinnumiðlun væri eins og á stóð látin ná til Torfa Vilhjálmssonar. Ber því að sýkna stefnda bæði af refsí- og fjárkröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjóri Akureyrarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar vegna Torfa Vilhjálmssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
